

Ljóðdæmi úr nýraunsæi '68-kynslóðarinnar 1970–1985

textar til prófs

Hafið eftirfarandi í huga þegar þið lesið ljóðin:

- Tengjið textana við tímabilið sem kennt er við nýraunsæi í bókmenntasögunni – hvað í ljóðunum segir til um það?
- Skoðið ljóðformið (næstum alltaf óhefðbundið eins og þið sjáið).
- Skoðið myndmálið (finnast myndhverfingar, viðlíkingar, persónugervingar eða hlutgervingar?).
- Skoðið stílbrögðin (sjá aftast í *Tíminn er eins og vatnið*).
- Útskýrið ádeiluna, boðskapinn.

Birgir Svan Símonarson (1951)

Gjalddagar (brot úr ljóði)

í höfuðborginni hefur kornflöguregnið
stytt upp á gulu trópíkanavatninu
laufskrúð morgunblaðsins hætt að bærast
brauðsneiðar sem hoppuðu upp úr brauðristum
eins og fimleikamenn – lentar á undirskálum
farnar að veðrast í hausti morgunverðarborðsins
bílar sem hrukku í gang með andfælum
binda marglitar slaufur á hraðbrautirnar
miðborgin geispar
stynur þungan
ritvélar syngja í glerbúrum
peningakassar ranghvolfa
verðbólgnum augum
marmaragólf bankanna
kveinka sér

rakari með stofu á besta stað
sópar saman hári gærdagsins
út á gangstéttinni sér hann síðhærðan ungling
hugsar honum þegjandi þörfina
pilturinn heldur á ástarbréfi
hraðbréf segir hann við stúlkuna á póstinum
og roðnar undan lífsreyndu augnaráði hennar

(Á fallaskiptum, 1977)

Þau hittust í klúbbnum

hann hvíslaði
fokheldum ástarorðum
í eyra hennar

eftir bío
blóm og uppáferðir
voru augu þeirra
tilbúin undir tréverk

afborguð og innréttuð
með bauga undir augum
brutu þau hamingjuna
til mergjar

(Nætursöltuð ljóð, 1976)

Sigurður Pálsson (1948)

Sprengisandur

III

Með svefnpoka undir augum
höldum við ferðinni til streitu
Reimleikar bílsins
halda hreyfingunni við
Vænsta kinnhest mundi ég gefa þér
olíulitlum og illa bónuðum
ef það fleytti þér hraðar
um þessa ýlfrandi hrímþoku

Með svefnpoka undir augum
kalla ég þig vænsta klárinn í gamni
fjór hjóla vin með rafkerfi tauga og olíu
um hlýjan skrokkinn

Höldum saman ferðinni til streitu
Eftir fæðingarhríðar sandsins
vaknar skyndilega spegill vatns
Fæðist sól eftir óráð myrkurs
Við sjáum stráin falla fyrir blaðsins egg
um Bárðardal allan
og vofur nítjándualdarskálda
kankvísar á vappi milli hóla
í sólinni

(Ljóð vega salt, 1975)

Velferð

eitt bilað öryggi
og flóðgáttir myrkurs
opnast

á bláþræði
hangir líf okkar

(Líflínur, 1985)

Ljóð

að breyta heiminum
með ljóði
jafnast á við
að stöðva hraðlest
með berum höndum

(Stormfuglar, 1987)

Höfundur Njálu

Það var í árdaga
Það var gaman í árdaga

Verðandi höfundur Njálu
kom gangandi niður túnið
Það var ekki búið að skíra fjallið

Kýrnar jórtruðu og biðu
eftir Scheving

Kálfarnir léku sér

Höfundur Njálu staldrar við
rennir augum upp fjallið
og skírir fjallið

Hvessir síðan augun
hvessir augun
á kálfana

(Ljóð vega menn, 1988)

Ólafur Jóhann Sigurðsson (1918)

Ár barnsins: 1979

Langt er til tunglsins
og langt er til stjarna
sem leiftra á himinbrautum.
En stutt er til barna,
blakkra og hvítra,
sem bíða líknar í þrautum.

Eða er þessu kannski
á okkar tímum
öfugt farið,
með válegum hætti
í veröld allsnægta –

Veist þú svarið?

(Að lokum, 1988)

Pétur Gunnarsson (1947)

j

líf borgarans hefur verið svipt ævintýrunum
og augnráð fólksins eru slökkt
heimurinn er malbikað landabréf
sjórinn þúsundfalt klóakk
jörðin sprungin sorptunna
andrúmsloftið hlutabréf
veruleikanum skipt í austur og vestur
en raunveruleiki þinn látinn liggja á milli hluta

draumar okkar eru í sjónvarpinu
draumar okkar eru í bíó
draumar okkar eru í framköllun

(Splunkunýr dagur, 1973)